



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

## ÍSLANDSMEISTARMÓT Í KUMITE 2015

Íslandsmeistaramót í kumite haldið í Fylkisselinu laugardaginn 14.nóvember 2015.

Í dag fór Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite fram í Fylkisselinu, húsnæði Karatedeildar Fylkis. Keppendur frá 7 félögum voru skráðir til leiks og var þáttakan góð. Margar mjög skarpar viðureignir sáust í dag en heilt yfir þá var maður mótsins án efa Ólafur Engilbert Árnason, úr Fylki, sem varð tvöfaldur Íslandsmeistari auk þess að fá silfur í liðakeppni. Ólafur Engilbert lagði Sæmund Ragnasson úr Þórshamri í úrslitum í -75kg flokki nokkuð örugglega 8-0 en áður hafði Ólafur lagt Kristján Helga Carrasco, margfaldan meistara, í frábæri viðureign þar sem Kristján Helgi var að keppa í fyrsta sinn á þessi ári enda verið í keppnispásu. Í úrslitum í opnum flokki karla mætti Ólafur Sverri Ólafi Torfasyni úr ÍR í mjög spennandi viðureign þar sem þeir félagar skiptust á um að vera yfir, viðureignin fór á endanum 3-2 fyrir Ólafi og stóð hann því uppi sem tvöfaldur meistari í dag. Þess má geta að Ólafur er margfaldur unglingsmeistara en í dag vann hann sína fyrstu Íslandsmeistarati í fullorðinsflokk. Í kumite -67kg vann Máni Karl Guðmundsson úr Fylki annað árið í röð, lagði Aron Ahn úr ÍR í úrslitum 3-0. Í flokki karla +84kg vann Sverrir Ólafur Torfason eftir að hafa lagt liðsfélaga sinn Diego Björn Valencia og um leið sinn fyrstu Íslandsmeistarati í fullorðinsflokk.

Telma Rut Frímannsdóttir varð svo tvöfaldur Íslandsmeistari þegar hún vann bæði opna flokk kvenna sjötta árið í röð og +61kg flokkinn þriðja árið í röð, enda fór hún eins og Ólafur Engilbert ósigrar í gegnum mótið, vann alla andstæðinga sína nokkuð örugglega. Í opnum flokki lagði Telma bæði Kristín Magnúsdóttir úr Breiðablik og Maríu Helgu Guðmundsdóttur úr Þórshamri. Í úrslitum á +61kg floknum mætti Telma henni Katrín Ingunní Björnsdóttur úr Fylki í skemmtilegri viðureign sem fór 3-2 fyrir Telmu. Í kumite kvenna -61kg vann Helga Halldórsdóttir úr Fylki hana Maríu Helgu Guðmundsdóttur úr Þórshamri.

Í liðakeppni karla voru einungis tvö lið mætt, frá ÍR og Fylki þar sem ÍR vann. Þegar öll stig voru talin saman þá stóð Fylkir uppi sem sigurvegarí og er því Íslandsmeistari félaga í kumite fullorðinna en ÍR var í öðru sæti. Yfirdómari mótsins var Helgi Jóhannesson og mótsstjóri var Maríu Baldursdóttir.

Íslandsmeistarar í kumite fullorðinna:

Hekla Halldórsdóttir, Fylkir, Kumite kvenna -61kg

Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding, Kumite kvenna +61kg

Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding, Kumite kvenna opinna flokkur

Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, Kumite karla -67kg

Ólafur Engilbert Árnason, Fylki, Kumite karla -75kg

Sverrir Ólafur Torfason, ÍR, Kumite karla +84kg

Ólafur Engilbert Árnason, Fylki, Kumite karla opinna flokkur

ÍR (Kristján Helgi Carrasco, Diego Valencia, Sverrir Ólafur Torfason), liðakeppni karla

Helstu úrslit:

Kumite kvenna, -61 kg.

1.Telma Rut Frímannsdóttir, Fylkir

2.Maríu Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar

3.Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylkir

3.Lilja Vigdís Davíðsdóttir, Fylkir

Kumite kvenna, +61 kg

1.Telma Rut Frímannsdóttir, UMFA

2.Katrín Ingunní Björnsdóttir, Fylkir

3.Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik

3.Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

Kumite kvenna, opinna flokkur

1.Telma Rut Frímannsdóttir, UMFA

2.Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

3.Maríu Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar

Kumite karla, -67 kg

1.Máni Karl Guðmundsson, Fylkir

2.Aron Ahn, ÍR

Kumite karla, -75 kg

1.Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir

2.Sæmundur Ragnarsson, Þórshamar

3.Kristján Helgi Carrasco, ÍR

3.Elías Guðni Guðnason, Fylkir

Kumite karla, +84 kg

1.Sverrir Ólafur Torfason, ÍR

2.Diego Björn Valencia, ÍR

3.Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik

Kumite karla, opinn flokkur  
1.Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir  
2.Sverrir Ólafur Torfason, ÍR  
3.Kristján Helgi Carrasco, ÍR  
3.Elías Guðni Guðnason, Fylkir

Liðakeppni karla  
1. ÍR  
2. Fylkir

Heildarstig  
Fylkir 22  
ÍR 17  
UMFA 6  
Breiðablik 5  
Þórshamar 5